

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 17. mars 2010  
Tilvísun: UST20100300002/þek

**Tillaga til þingsályktunar um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt, þskj. 476 - 332. mál.**


Þann 1. mars 2010 sendi alsherjarnefnd Alþingis Umhverfisstofnun til umsagnar tillögu til þingsályktunar um sóknaráætlun til eflingar atvinnulífi og samfélagi um land allt.

Tillagan felur í sér að mótuð verði stefna m.a. um hvernig styrkja megi umhverfismál. Fram kemur að grundvöllur atvinnustefnunnar skuli m.a. vera græn atvinnuuppbygging.

Umhverfisstofnun lítur svo á að störf við framkvæmd umhverfismála og eftirlit með starfsemi sem haft getur í för með sér jarðrask, mengun og önnur umhverfisáhrif, eins og lög kveða á um, á hverjum tíma séu græn störf. Umhverfisstofnun starfar á Akureyri, Egilsstöðum, Ísafirði, Mývatni, Reykjavík, Snæfellsnesi og Vestmannaeyjum. Áhugi er fyrir hendi hjá stofnuninni á að styrkja fámennar einingar út um landið og/eða auka samvinnu við önnur stjórnvöld um allt land í stjórnsýslu- fræðslu- og rekstrarverkefnum í þágu hagræðingar og gæða í þjónustu. Umhverfisstofnun er einnig í samvinnu við heilbrigðisnefndir um allt land og sinnir yfirumsjónar- og samræmingarhlutverki vegna verkefna er varða hollustuhætti og mengunarvarnir.

Samkvæmt 2. mgr. 73. gr. laga um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993 skulu kröfur um umhverfisvernd vera þáttur í stefnu samningsaðila á öðrum sviðum. Umhverfisstofnun telur að þær áætlanir sem fyrirhugað er að samþætta í sóknaráætluninni geti haft áhrif á náttúruverndaráætlun og aðrar áætlanir í umhverfismálum, svo sem landsáætlun um meðhöndlun úrgangs.

Virðingarfyllt

  
Sigrún Agústs dóttir